

# Innkaupastefna Velferðarráðuneytisins

Anna Lilja Gunnarsdóttir, ráðuneytisstjóri

Innkaupadagur 2011

29.11.2011




# Af hverju nýja innkaupastefnu

- » Velferðarráðuneytið var stofnað 2011 sem sameining heilbrigðisráðuneytis og félags- og tryggingamálaráðuneytis.
- » Stefnumótun hins nýja ráðuneytis er tilbúin og í vinnslu er stefna í hinum ýmsu málaflokkum. Þar með er innkaupastefnan.
- » Velferðarráðuneytið er ábyrgt fyrir 225 milljörðum samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2012, um 42% af heildarútgjöldum ríkisins.
- » Miklar áskoranir vegna hagræðingaraðgerða.
- » Í skýrslu ráðgjafahóps velferðarráðherra um skipulag heilbrigðiskerfisins og ráðstöfun fjármuna kom fram að nýta mætti betur mátt stærðarinnar með samvinnu heilbrigðisstofnana í innkaupum á rekstrarvörum og lyfjum.



# Heildarsamhengi stefnumótunar velferðarráðuneytisins



# Ný innkaupastefna velferðarráðuneytisins

- » Í vor var settur á laggirnar innanhúshópur og var verkefni hans tvíþætt:
- » A) Að semja nýja innkaupastefnu fyrir hið sameinaða velferðarráðuneyti í samræmi við ábendingar Ríkisendurskoðunar og í samráði við Ríkiskaup, LSH, aðrar heilbrigðisstofnanir og hagsmunaaðila.
- » B) 2. Að leggja fram tillögur um samræmt innkaupasamband heilbrigðisstofnana, hjúkrunarheimila og öldrunarstofnana.



# Innkaupastefna Velferðarráðuneytisins

## Innkaupastefna velferðarráðuneytisins 2012 til 2017

### Markmið:

Hagkvæm kaup á vörum og þjónustu í þágu almennings  
í samræmi við innkaupastefnu ríkisins

### *Innkaupastefna ríkisins*

*Bestu kaup, ábyrgð og gagnsæi, einföldun og skilvirkni,  
menntun og sérhæfing, efling samkeppnismarkaðar*

Útvistarstefna

Stefna um  
vistvæn innkaup

Leiðbeiningar um  
kaup á ráðgjöf



# Leiðir að markmiðum nýrrar innkaupastefnu

## ▪ **Bestu kaup**

- » Þeir sem annast innkaup af hálfu velferðarstofnana skulu vinna út frá því að besta mögulega niðurstaða fái að teknu tilliti til kostnaðar, tíma og ávinnings. Með útboðsgögnun skal liggja fyrir vægi þeirra matsþátta sem horft verður til við innkaupin. Einfalt og skilvirkt innkaupaferli lágmarkar tíma og kostnað fyrir hlutaðeigandi aðila. Bestu kaup skulu metin með tilliti til líftímakostnaðar vöru, verka eða þjónustu þar sem helstu áhrifaþættir eru:
  - Greining á þörfum kaupanda.
  - Virk samnings- og verkefnastjórnun.
  - Útboð eða val á annarri skilvirkri og gegnsærri innkaupaaðferð.
  - Hagkvæmni og fjármögnun m.t.t. verðs, greiðsluskilmála og heildarhagsmuna.
  - Sameiginleg innkaup fleiri stofnana.



## ▪ Samræmd innkaup

- » Samræmd innkaup eru mikilvæg til að tryggja hagkvæm innkaup.
- » Í krafti magninnkaupa er hægt að ná fram sparnaði.
- » Sérstakt „innkaupasamband velferðastofnana“ gæti náð árangri í sameiginlegum innkaupum.
- » Algengasta form samræmdra innkaupa eru rammameningar sem Ríkiskaup gera fyrir hönd ríkisins um ýmsar vörur og þjónustu. Almennt gildir að stofnanir skulu eiga aðild að rammameningum Ríkiskaupa en stofnunum er þó heimilt að segja sig frá einstaka rammameningum ef sérstakar og málefnalegar ástæður eru fyrir hendi. Skal stofnunin tilkynna frávik frá rammameningi og ástæður til Ríkiskaupa.

# Leiðir að markmiðum nýrrar innkaupastefnu

## ▪ Útvistun verkefna

- » Skoðað sé með reglulegum og skipulegum hætti hvort verkefni séu leyst með hagkvæmari hætti innan ráðuneytis eða stofnana eða með því að kaupa þjónustuna af utanaðkomandi aðila.

## ▪ Siðareglur um innkaup

- » Siðareglur sem stofnanir skulu setja sér skila árangri með því að gera innkaup gegnsærri og heilbrigðari.
- » Starfsmenn skulu leiða hjá sér hvers kyns persónulegan ávinning sem gæti haft áhrif á ákvarðanir vegna innkaupa. Starfsmaður skal ekki þiggja gjafir, styrki, sérstaka afslætti eða boðsferðir frá einstaklingum, fyrirtækjum eða öðrum sem á einn eða annan hátt tengjast starfi hans nema í undantekningatilvikum með sérstöku leyfi og á ábyrgð forstöðumanns.



# Leiðir að markmiðum nýrrar innkaupastefnu

## ▪ **Innkaup notuð sem fjárhagslegt stjórnæki**

- » Innkaup verði í samræmi við rekstraráætlun stofnunar.
- » Stofnanir skulu setja sér innkaupastefnu á grundvelli innkaupastefnu ráðuneytisins og innkaupastefnu ríkisins fyrir 1. maí 2012.  
Innkaupastefnan sé til ákveðins tíma, með mælanlegum markmiðum og framkvæmdaáætlun.
- » Aðilar sem eru ábyrgir fyrir innkaupum verði formlega tilgreindir hjá velferðarráðuneytinu og stofnunum.
- » Viðmiðunarreglur og starfshættir verði í samræmi við innkaupastefnu og samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.
- » Hjá stærri stofnunum skulu haldnir reglulegir stöðufundir um innkaupamál og lagt mat á árangur bættra innkaupa út frá settum markmiðum.



# Leiðir að markmiðum nýrrar innkaupastefnu

## ▪ Vistvæn innkaup

- » Við innkaup skal tekið tillit til umhverfissjónarmiða, kostnaðar og gæða. Ef vörur, verð og þjónusta er sambærileg ber að velja þann kost sem talinn er umhverfisvænni.

## ▪ Rafræn innkaup

- » Nýta skal hagkvæmni rafrænna innkaupa eftir því sem kostur er.

## ▪ Ábyrgð og gegnsæi

- » Innkaup varða ekki einungis vöruna, þjónustuna eða verkið sem verið er að kaupa heldur allt það ferli sem á sér stað frá þarfagreiningu og þar til viðkomandi innkaup eru hætt að nýttast. Ákvarðanir um innkaup, fyrirkomulag þeirra og eftirfylgni eru á ábyrgð ábyrgðamanns innkaupa og forstöðumanns stofnunar.



## ▪ Menntun og sérhæfing

- » Forstöðumenn stofnana skulu tryggja að starfsmenn sem bera ábyrgð á innkaupum hafi yfir að ráða nægjanlegri þekkingu og þjálfun í innkaupamálum og hafa skilning á innkaupastefnu, -löggjöf og vinnureglum til að tryggja bestu kaup.



# Stýrihópur um innkaupamál

- » Ráðgjafahópur velferðarráðherra sem vann með erlendum ráðgjöfum (BCG) að tillögum að breytingum á skipulagi heilbrigðisþjónustu hefur meðal annars lagt til aukið samstarf og meiri samræmingu á innkaupum heilbrigðisstofnana.
- » Til að fylgja þeim tillögum var skipaður stýrihópur um framkvæmd innkaupastefnu ráðuneytisins. Fulltrúar úr velferðarráðuneytinu eiga sæti í stýrihópnum sem og fulltrúi frá Ríkiskaupum.
- » Stýrihópnum er ætlað að setja fram tillögu að framkvæmdaáætlun innkaupastefnu með mælanlegum markmiðum í samráði við LSH, FSA, aðrar heilbrigðisstofnanir og aðra eftir því sem við á.



# Takk fyrir

